



Landpósturinn

Fréttabréf Félags Landfræðinga.

1.tbl. 1.árg. 1989.

ábm.:Magnús Baldursson

Aðalfundur 1989.

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn fimmtudaginn 6. apríl 1989 í Skólabað, Suðurgötu 26. Fundarefni var venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Að loknum aðalfundarstörfum sagði Gylfi Már Guðbergsson frá starfi Alþjóðakortagerðasambandsins.

A. Skýrsla formanns.: sjá ljósrit.

B. Gjaldkeri félagsins lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum fundarmanna.

Efnahagsreikningar, 5. apríl 1989. Lagðir fram og yfirfarnir af Gunnhildi Skaftadóttur og Sigurgeiri Skúlasyni.

Eignir:

Ávísanareikningur: 16514,53
Sparisjóðsbók: 1667,16
Alls kr.18181,69

Skuldir:

Höfuðstóll: 5051,53
Hagn. af rekstrarreikn.:13130,42
Alls kr. 118181,69

C. Stjórnkosning fór fram samkvæmt endurskoðuðum lögum (sjá síðar).

Gunnar Haukur Ingimundarson og Sigurgeir Skúlason gáfu ekki kost á sér aftur. Guðrún Gísladóttir var kosinn formaður, Emil Bóasson, Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Magnús Baldursson og Þorbjörg Kr.Kjartansdóttir voru kosin í stjórn félagsins.

Stjórnin hefur skipt með sér verkum sem hér segir:

Magnús varaformaður, Inga Ingibjörg ritari, Þorbjörg gjaldkeri og Emil meðstjórnandi.

D. Árgjald félagsins, fyrir árið 1989 var ákveðið kr. 500.00 og samþykkt af fundarmönnum.

F. Áslaug Jónsdóttir og Einar Bogi Sigurðsson voru kosin endurskoðendur. Gunnhildur Skaftadóttir gaf ekki kost á sér aftur.

G. Gylfi Már Guðbergsson prófessor sagði frá starfi Alþjóðakortagerðasambandsins (-nefndum, -deildum og útgáfustarfsemi.)

H. Kortanámskeið. Gylfi Már Guðbergsson sagði frá því að fyrirhugað væri að halda hér á landi, kortanámskeið. Þetta námskeið verður haldið hér 25-29. september og verða kennarar á námskeiðinu Crister Palm kennari í kortagerð við Kungliga Högskolan, Stockholm og John S. Keates prófessor Dept. of Geography and Topographic Science, University of Glasgow.

Tilkynning um námskeiðið hefur verið send til fyrirtækja og stofnana sem starfa á sviði kortagerðar.



Breytingar á lögum Félags landfræðinga.

Á aðalfundinum lagði fráfarandi stjórn fram tillögu að breytingu á lögum félagsins. Eftirfarandi breytingar voru ræddar og samþykktar á fundinum. Ákveðið var að næsta stjórn ynni áfrán að endurbætum á lögunum.

Samþykktar breytingar eru með breittu letri.

Lög Félags Landfræðinga

1. grein

Félagið heitir Félag Landfræðinga. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.

Markmið félagsins er :

- a. Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði, meðal annars með stuðningi við Landfræðifélagið,
- b. Að efla samvinnu félagsmanna,
- c. Að standa vörð um hagsmunamál og réttindi landfræðinga, meðal annars kaup og kjör.

3. grein.

Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki félagsstjórnin upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjenda skal aðalfundur skera úr um inngöngu þeirra í félagið.

Aukaáðild að félaginu geta þeir fengið sem eru við nám í landafræði til B.S. prófs gegn greiðslu á hálfu árgjaldi.

Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

4. grein.

Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár, eigi síðar en á aðalfundmélagsins.

Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, ber þá gjaldkera að tilkynna honum bréflaga um réttindamissi hans í félaginu, verði skuldin eigi greidd innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins.

Undanþegnir félagsgjöldum eru félagar eldri en 70 ára og félagar við framhaldsnám.

5. grein.

Aðalfund skal halda í mars mánuði ár hvert og skal hann boðaður bréfslega með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Fastir liðir á

dagskrá aðalfundar skulu vera:

a. Á aðalfundi skal kjósa fimm manna stjórn.

Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skipti að öðru leyti með sér verkum.

b. Að kjósa tvo endurskoðendur,

c. Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins,

d. Að ákveða félagsgjöld,

e. Önnur mál.

6. grein.

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í sérstökum tilfellum, ef þurfa þykir. Stjórnin boðar til félagsfundar, þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar, þegar sjö félagsmenn eða fleiri óska þess.

7. grein.

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 félagsmanna samþykki breytinguna.

8. grein.

Leggist félagið niður, renna eignir þess til Landfræðifélagsins með þeim skilyrðum sem þá verða sett.

Ákvæði til bráðabirgða

Við stjórnarkjör 1990 skal stjórnin leita samkomulags um það hverjir tveir gangi þá úr stjórn.

Rabfundur

Rabfundur verður haldinn á Gauk á Stöng, efri hæð, mánudaginn 25.sept 1989. Fundurinn hefst kl. 18.00.

Fundarmenn geta keypt veitingar á staðnum.

Stjóm félagsins hefur áhuga á því að félagsmenn ræði starfsheiti landfræðinga.

- er þörf á að lögvenda starfsheitið landfræðingur